

REYKJAVIK INTERNATIONAL GAMES

Keiludeild ÍR

Mótsfyrirkomulag

Konur fá 8 pinna í forgjöf fyrir hvern leik

Undankeppni

Hver sería er 6 leikir, spila má aftur og gildir þá sú sería sem er best. Efstu 4 fara beint í undanúrslit en leikmenn í sætum 5-16 fara í milliriðil.

Milliriðill.

Leikmenn í sætum 5-16 spila 6 leikja seríu. 6 stigahæstu vinna sér sæti í undanúrslitum. Aðrir spilarar raðast í sæti 11-16 eftir seríu í milliriðli.

Undanúrslit.

Allir keppa við alla, einfalda umferð.

Á stigin fyrir leikina bætast bónusstig þannig:

Fyrir sigur í leik fást 20 bónusstig

fyrir jafntefli í leik fást 10 bónusstig.

Að loknum þessum leikjum fara 4 efstu keppendurnir í úrslit.

Úrslit

Leikmenn í 3 og 4 sæti úr undanúrslitum spila einn leik. Sá sem tapar lendir í 4 sæti en sigurvegarinn spilar einn leik við leikmann í 2 sæti úr undanúrslitum. Sá sem tapar lendir í 3 sæti en sigurvegarinn leikur einn leik við efsta mann úr undanúrslitum. Sá sem tapar lendir í 2 sæti en sigurvegarinn er sigurvegari RIG.

Jafntefli í sætaröðun

Ef skera þarf úr um jafntefli í sætaröðun þá skal síðasti leikur látinn gilda þ.e. sá/sú sem er með hærra leik hlýtur efra sætið. Ef hann er jafn hár þá er farið í næsta leik þar á undan og síðan koll af kolli.

Riðlar og verð

Riðlar	Vikudagur	Dags	Kl:	Fjöldi	Verð
Riðill 01	Laugardagur	15.01.11	09:00	36	3500
Riðill 02	Sunnudagur	16.01.11	09:00	36	3500
Riðill 04	Föstudagur	21.01.11	17:00	36	5500
Riðill 05	Laugardagur	22.01.11	09:00	36	5500

Tímasetning fyrir úrslitakeppnina

Sunnudagur 23 janúar 2011
Olíuburður
10.00: Milliriðill
12.30 – 13:30: Hádegismatur og olíuburður
13.30: Undanúrslit
15:45 Kaffi og olíuburður
16.30: Úrslit

Verðlaunafé (ISK)

Sæti	ISK
Sæti 1	75.000
Sæti 2	40.000
Sæti 3	30.000
Sæti 4	25.000
Sæti 5	20.000
Sæti 6-8	12.000
Sæti 9-12	6.000
Samtals	250.000

Sérstakir boðsgestir geta ekki unnið til verðlauna.

Nánari upplýsingar gefa:

Hörður : +354 894 488, hud@simnet.is

Pórarinn: +354 820 6404, toti@landsbanki.is

Reynir: +354 825 1213, reynirth@postur.is